

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Versalir, Flóahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. apríl 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps frá 28. mars 2006.

Breytingin felst í því að 9,6 ha frístundasvæði í landi Versala breytist í landbúnaðarsvæði. Aðkoma verður um nýja vegtengingu frá Langholtsvegi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. apríl 2010.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2010